

✉ Re: Dalvíkurlína 2, Hörgársveit – skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar

Búið til	18.1.2022 12:58:00
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	18.1.2022 12:57:58
Tilheyrir	📁 202112-0052 - Dalvíkurlína 2, Hörgársveit – skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar

Efni

Re: Dalvíkurlína 2, Hörgársveit – skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	18.1.2022 12:57:58	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Pátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	sbe@sbe.is

Innihald

Góðan dag,

Hér fyrir neðan er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202112-0052, 202201-0036 og 202201-0001 (LA, BK)

Vísað er í tölvupósta frá skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar bs., 21. desember 2021, skipulags- og tæknifulltrúi Dalvíkurbyggðar, 27. desember 2021, og verkefnastjóra skipulagsmála á Akureyri, 30. desember 2021. Ákveðið var að vinna sameiginlega skipulags- og matslýsingu fyrir Akureyrarbæ, Hörgársveit og Dalvíkurbyggð. Í vinnuferlinu verða settar fram þrjár aðskildar aðalskipulagsbreytingar, þ.e. breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 og Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Samhliða aðalskipulagsbreytingunum er unnin tilkynning til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Í aðalskipulagsbreytingunni felst að 66 kV til 220 kV jarðstrengur (Dalvíkurlína 2) er færður inn á skipulagið. Áformuð strengleið liggur frá sveitarfélagsmörkum Akureyrar við Ásláksstaði meðfram Hlíðarvegi og Þjóðvegi 1 í Kræklingahlíð og Ólafsfjarðarvegi norður Galmaströnd að sveitarfélagsmörkum Dalvíkurbyggðar við Fagraskóg. Landsnet vinnur að undirbúningi lagningar Dalvíkurlínu 2 og er framkvæmdin hluti af endurnýjunaráætlun.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og skilar sömu umsögn til sveitarfélaganna þriggja. Stofnunin vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að fyrirhugað er að leggja jarðstreng meðfram vegum frá Akureyri til Dalvíkur frekar en loftlínu sem fuglum stafar hættu af og sem breytir ásýnd landslags. Áform eru um að jarðstrengurinn verði lagður að mestu leiti eftir vegakerfi sveitarfélaganna en frekari útfærsla og valkostir verða kynntir á síðari stigum skipulagsins. Í skipulagslýsingu kemur fram að við Dalvík gerir aðalvalkostur ráð fyrir að jarðstrengurinn fylgi núverandi loftlínu og verður þá lagður yfir votlendi við Hálsá sem nýtur sérstakrar verndar 61. gr. náttúruverndarlaga og yfir lítt raskað svæði innan friðlands Svarfaðardals. Hins vegar er bent á í lýsingu að aðrir kostir innan þessa svæðis séu meðfram vegum og telur Náttúrufræðistofnun að þeir kostir skuli skoðaðir betur og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á náttúruferli sem nýtur verndar.

Náttúrufræðistofnun leggur almennt áherslu á að við skipulag og framkvæmdir skuli alltaf leitað leiða til að lágmarka neikvæð áhrif á lífríki og aðra náttúru.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoiv2luMzliLCJBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNY%2BdfM%3D&reserved=0\)](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWlloiMC4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNY%2BdfM%3D&reserved=0)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar" <sbe@sbe.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Dalvíkurlína 2, Hörgársveit – skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar

Date: 21.12.2021 15:08:02

Góðan dag!

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 17. desember 2021 að vísa skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 í kynningarferli skv. 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni felst að 66 kV til 220 kV jarðstrengur (Dalvíkurlína 2) er færður inn á skipulagið. Áformuð strengleið liggur frá sveitarfélagsmörkum Akureyrar við Ásláksstaði meðfram Hlíðarvegi og Þjóðvegi 1 í Kræklingahlíð og Ólafsfjarðarvegi norður Galmaströnd að sveitarfélagsmörkum Dalvíkurbyggðar við Fagraskóg. Skipulagsverkefnið tekur til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og er gerð grein fyrir fyrirhuguðu umhverfismati skipulagsáætlunarinnar í lýsingunni.

Lýsingin er nú send umsagnaraðilum til yfirferðar skv. 30. skipulagslaga nr. 123/2010.

Náttúrufræðistofnun Ísland er góðfúslega beðin að koma umsögn um lýsinguna á framfæri við undirritaðan ekki síðar en miðvikudaginn 19. janúar 2022. Ef ekki berst umsögn fyrir þann tíma er litið svo á að ekki sé gerð athugasemd við lýsinguna.

Erindi þetta verður eingöngu sent í tölvupósti nema fram komi beiðni um annað.

Bestu kveðjur,

Fyrir hönd skipulags- og byggingarfulltrúa

Sigríður Hrefna Pálsdóttir

Embætti skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar bs.

Skólatróð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri

Tölvupóstur: sigridur@sbe.is (<mailto:sigridur@sbe.is>)

Sími: 463 0621

Viðhengi

image001.png (11 KB)